

Umhverfisráðuneytið
Sigurður Þráinsson
deildarstjóri
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. febrúar 2007
2007020017/42-0

Rannsóknarleyfi vegna virkjanaframkvæmda í neðri hluta Þjórsár

Vísað er í bréf ráðuneytisins, dags. 18. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Landsvirkjunar um rannsóknarleyfi til fimm ára á vatnasviði Þjórsár, neðan Búrfells í samræmi við ákvæði laga nr. 57/1998 með áorðnum breytingum. Með erindinu fylgdu m.a. nokkur bréf Landsvirkjunar til iðnaðarráðuneytis, og greinargerð ásamt uppdráttum um virkjanakosti.

Fram kemur í bréfi Landsvirkjunar, dags. 5. október sl. að fyrirtækið hafi um margra ára skeið unnið að rannsóknum og undirbúningi virkjana á umræddu svæði. Sótt er um leyfi til rannsókna á hagkvæmni virkjana við Núp, Árnes og Urriðafoss. Landsvirkjun hóf árið 2006 svokallaðar útboðsrannsóknir, en ekki er skýrt í gögnum málsins hvað í þeim rannsóknum felst. Er það mat Landsvirkjunar að mikilvægt sé að fyrirtækið fái formlegt leyfi stjórnvalda fyrir virkjunarrannsóknum en af erindinu má ráða að fyrst hafi verið sótt um slíkt árið 2004, þrátt fyrir að lög þar að lútandi hafi gengið í gildi árið 1998. Það er einnig mat Landsvirkjunar að mikilvægt sé að hafa í höndum rannsóknarleyfi þegar og ef ráðast þarf í verulegar staðbundnar rannsóknir á einstökum jörðum, sem valda kunna tímabundnu raski. Engin gögn eða lýsingar á umræddum rannsóknum og þeirri röskun sem þær kynnu að valda, er að finna í gögnum málsins. Það er því mat Náttúrufræðistofnunar að engar forsendur séu fyrir marktækri umsögn um umsókn Landsvirkjunar.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson, forstjóri

